

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um tekjur af losun gróðurhúsalofttegunda.

1. Hverjar hafa árlegar tekjur ríkisins verið af uppboði losunarheimilda gróðurhúsalofttegunda frá því að Ísland átti fyrst rétt á hlutdeild í þeim samkvæmt EES-samningnum? Hversu hátt hlutfall af uppboðstekjunum rann til loftslagsaðgerða á hverju ári?

Árlegar tekjur ríkisins af uppboði losunarheimilda gróðurhúsalofttegunda eru í eftirfarandi töflu:

Ár	Sala losunarheimilda: Tekjur ársins (millj. kr.)
2019	3.576
2020	6.067
2021	847*
Samtals	10.490

*Tekjur ársins 2021 eru bráðabirgðaupplýsingar frá uppboðshaldara umreiknaðar í íslenskar krónur þar sem notast er við meðalgengi.

Endanleg niðurstaða mun koma fram í ríkisreikningi.¹

Tekjur af sölu losunarheimilda renna beint í ríkissjóð, líkt og aðrar tekjur, án mörkunar til ákveðinna verkefna. Ráðstöfun útgjalda til málefna sviða og málaflokka er ákvörðuð á grunni forgangsröðunar stjórnvalda sem Alþingi afgreiðir í fjármálaáætlun og fjárlögum hvers árs. Í samræmi við þá forgangsröðun hafa framlög til loftslagsmála í formi fjárheimilda og skattalegra ívilnana vegna orkuskipta í samgöngum verið aukin til muna og hafa þau tvöfaldast frá 2017 til 2022. Ætla má að þessi framlög séu yfir 15 milljörðum kr. einungis á árinu 2022, þar af eru skattstyrkir yfir 8 milljörðum kr. og landgræðsla, skógrækt og garðyrkja um 4 milljarðar kr. Með öðrum orðum er áætlað að framlög til loftslagsmála á þessu eina ári verði u.þ.b. 50% hærri en tekjur af sölu losunarheimilda frá upphafi. Auk þessa eru fjölmörg verkefni ríkisins tengd loftlagsmarkmiðum stjórnvalda, svo sem sjálfbær opinber innkaup, græn skref í ríkisrekstri, stuðningur við breyttar ferðavenjur, stafvæðing opinberrar þjónustu og umhverfissvottun nýbygginga.

Nánari umfjöllun um framlög til loftslagsmála er að finna í rammagrein 11 í fjármálaáætlun 2022–2026, bls. 102.

2. Hver eru viðmið Evrópusambandsins um það hversu hátt hlutfall af tekjum vegna uppboðs losunarheimilda skuli renna beint til loftslagsaðgerða? Hver eru sambærileg viðmið íslenskra stjórnvalda?

¹ Ítarlega sundurliðun má sjá hér:

<https://www.eex.com/en/market-data/environmental-markets/eua-primary-auction-spot-download>

Upplýsingar úr ríkisreikningi, sala losunarkvóta skýring 6, má sjá á bls. 33 hér:

<https://www.fjs.is/media/rikisreikningur/Rikisreikningur-2020.pdf>

Í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB segir að nota skuli a.m.k. 50% af tekjum af uppboði á losunarheimildum, eða jafngildi þessara tekna metið til fjár, í eitt eða fleiri verkefni af því tagi sem þar eru talin upp. Um er að ræða loftslagsmál á borð við minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, nýskógrækt, föngun og geymslu koltvísýrings og hvata til notkunar samgangna sem valda lítilli losun.

Ákvæði 3. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar bætist við með tilskipun 2009/29/EB. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 var tilskipun 2009/29/EB tekin inn í EES-samninginn. Líkt og fram kemur í ákvörðuninni gildir hins vegar umrædd 3. mgr. 10. gr. ekki um EFTA-ríkin. Ástæðan er tilgreind í ákvörðuninni og hún er sú að fjárhagsmálefni er einn þeirra þátta sem falla utan EES-samstarfsins, ásamt m.a. landbúnaðarmálum og samvinnu í lögreglu- og dómsmálum. Því felur þátttaka Íslands í sölu losunarheimilda ekki í sér skuldbindingu til þess að ráðstafa ákveðnu hlutfalli af tekjum af sölu losunarheimilda til loftslagsmála.

3. *Hverjar hafa verið árlegar tekjur ríkisins af kolefnisgjaldi frá því að innheimta þess hófst? Hversu hátt hlutfall af kolefnisgjaldinu rann til loftslagsaðgerða á hverju ári? Árlegar tekjur ríkisins af kolefnisgjaldi frá því að innheimta hófst er eftirfarandi:*

Ár	Kolefnisgjald: Tekjur ársins (millj. kr.)
2010	1.914
2011	2.062
2012	3.061
2013	3.013
2014	3.004
2015	3.274
2016	3.464
2017	3.806
2018	5.317
2019	5.353
2020	5.532
2021	5.770*
Samtals	45.570

*Tekjur ársins 2021 eru samkvæmt áætlun fjárlaga 2022 sem gefin voru út í nóvember 2021. Ríkisreikningur ársins er ekki kominn út.

Tekjur af kolefnisgjöldum renna beint í ríkissjóð, líkt og aðrar tekjur, án mörkunar í ákveðin verkefni. Eins og kemur fram í svari við 1. tölul. er ráðstöfun útgjalda til málefna-sviða og málaflokka ákvörðuð á grunni forgangsröðunar stjórnvalda sem Alþingi afgreiðir í fjármálaáætlun og fjárlögum hvers árs og því á sama svar við hér.

4. *Hverjar hafa tekjur verið annars vegar af uppboði losunarheimilda og hins vegar af kolefnisgjaldi það sem af er þessu ári?*

Tekjur ríkissjóðs af sölu losunarheimilda námu 920 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi og tekjur ríkissjóðs af kolefnisgjaldi námu 2.147 millj. kr. fyrir sama tímabil.

5. *Hvernig er áætlað að tekjur þróist annars vegar af uppboði losunarheimilda og hins vegar af kolefnisgjaldi á næstu fimm árum?*

Í forsendum tekjuáætlunar er gert ráð fyrir að verð losunarheimilda hækki um 2–4% árlega á næstu fimm árum en á móti er gert ráð fyrir fækkun losunarheimilda. Í forsendum tekjuáætlunar er gert ráð fyrir að kolefnisgjald hækki í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs, en þó aldrei umfram 2,5% verðbólguþolmið Seðlabanka Íslands. Með fjölgun umhverfisvænna og sparneytinna bifreiða er búist við að gjaldstofn kolefnisgjalds, sem eru lítrar og kílógrömm jarðefnaeldsneytis, fari lækkandi á komandi árum.